

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Akureyrarkaupstað.

*Breyting á deiliskipulagi Innbæjarins og Fjörunnar, Hafnarstræti 53.*

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur þann 5. júní 2007 í samræmi við 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt breytingu á ofangreindu deiliskipulagi.

Breytingin felst í að lóðamörkum er breytt og stækkar lóðin úr 515 m<sup>2</sup> í 944 m<sup>2</sup>. Nýr byggingarreitur er skilgreindur 16,0 m x 6,0 m undir viðbyggingu á 2 hæðum. Hámarksvegg hæð viðbyggingar er 6,0 m og hámarks mænishæð 7,5 m. Núverandi spennistöðvarhús á suðurhorni lóðar verður rífið.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

*F.h. Akureyrarkaupstaðar, 2. júlí 2007,*

**Pétur Bolli Jóhannesson** skipulagsstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 16. júlí 2007